



ÚRVINNSLA ÚR  
FORELDRAKÖNNUN  
2018

# Lundur, úrbætur úr foreldrakönnun 2018:

- **Leiðir að úrbótum í Lundi vegna foreldrakönnunar.**
  - Leggjum áherslu „ Að Næra hjartað“.
  - Setjum okkur það markmið að snerta (klappa á bakið, knúsa, faðma) öll börnin á hverjum degi.
- **Móttaka og kveðja**
  - Þjóðum börnum góðan daginn með nafni.
  - Opnum seinni stofuna korter yfir átta.
  - Starfsmenn gæta þess að vera staðsettir á þeim svæðum sem börnin eru á .
  - Gefa foreldrum tíma ef þeir þurfa að tala við okkur.
  - Loka meira á milli rýma á morgnanna, fáum meiri ró í húsið.
- **Upplýsingar um hvað barnið er að gera yfir daginn, t.d. hópastarf.**
  - Sendum **mánaðaráætlun** fyrir þrestina og **gróft mánaðardagatal til yngri hópsins** þar sem foreldrar sjá hvencær er farið í hraunferðir, hópastarf inni, smiðjur og annað.
  - Skrifum **upplýsingar á töfluna** í fataklefa.
  - Hengjum **upp auglýsingar** á hurðina.
  - Sendum áminningar í tölvupósti um t.d ferðir sem eru á dagskrá, **daginn fyrir viðburðinn.**
  - Vinnum í því að geta sent fjöldaskilaboð til foreldra í Karellen appinu.

# Álfasteinn, Tröllagil, Birkiból og Klettaborg, úrbætur úr foreldrakönnun 2018:

## Upplýsingar til foreldra um daglegt starf:

- Skrifum punkta um **það sem gert er í hópastarfi og höfum á vegg**, notum tússtöflur.
- Fréttir á **heimasíðu**.
- **Auglýsingar** hengdar upp á hurðar og veggi við deildarnar.
- **Starfsmenn deildar senda áminningar** daginn fyrir viðburði í skóladag tali.
- Sendum foreldrum **myndir af þeirra barni úr spjaldtölvunum** (í símann).
- **Foreldrasamtöl verða tvisvar á ári**. Það fyrra er óformlegt, þar sem einungis er farið yfir niðurstöður úr **TRAS**.
- **Seinna samtalið er** mun ýtarlegra og lengra (hefðbundið). Það samtal er tekið sex mánuðum eftir hið fyrra.

# Heilsa börnum / flutningur milli deilda, Úrbætur úr foreldrakönnun 2018 :

- **Heilsa barni** hlýlega með nafni. Að barnið finni að eftir því sé tekið þegar það mætir. **Kveðjum** barn í lok dags.
- Þegar börn mæta eða eru sótt erum það **við sem höfum frumkvæðið**. Þegar ný börn og foreldrar eða aðrir koma á deildina **kynnum við okkur með handarbandi og nafni**. Við kynnum okkur og spyrjum þegar við erum ekki vissar, hver sé að sækja barnið.
- Starfsfólk deildanna er **kynnt í stuttu foreldraviðtali** þegar barn flyst á milli deilda. Gott að gera það aftur í aðlögun.
- Þegar barn er **búið í aðlögun** á nýrri deild þá er því **fylgt af starfsmanni gömlu** deildarinnar (og foreldrum) á nýju deildina. Þar **tekur á móti** þeim deildarstjóri eða fastur starfsmaður deildarinnar.